

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 11. janúar 2016  
UST201601-065/B.S.  
09.07.01

### Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - fólkvangurinn Ósland

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 8. janúar 2016, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Óslands.

**Lýsing framkvæmdar:** Ráðgert er að reisa sjóvarnargarða syðst í friðlandinu til að stöðva landbrot.

#### Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan fólkvangsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 7. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 264/2011.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina vera gagnlega. Í stórvíðri í árslok 2015 rofnaði fjörukambur syðst í fólkvanginum þannig að einungis mjótt haft skilur nú tjörnina frá fjörunni. Tjörnin er mikilvægur þáttur í viðhaldi fjölbreytts fuglalífs í fólkvangsins. Reynt verður með framkvæmdinni að viðhalda núverandi ástandi í friðlandinu.

#### Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð sjóvarnargarðs innan fólkvangsins að uppfylltum eftifarandi skilyrðum:


- Framkvæmdum verði lokið fyrir varptíma. Þó ekki síðar en 1. maí.
- Reynt verði að forðast rask innan friðlandsins eins og kostur er.
- Verktaki verði upplýstur um verndargildi svæðisins.
- Umhverfisstofnun verði upplýst um upphaf framkvæmda.

#### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri